

## Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

### 4. fundur 2024 (126. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 06.05.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Inga Þórey Óskarsdóttir	varamaður í skipulagsnefnd
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

#### 1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Drög að vinnslutillögu

Lögð voru fram að nýju drög að vinnslutillögu endurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar sbr. bókun á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar. Höfðu á ýmsum stöðum verið gerðar minniháttar breytingar og/eða lagfæringar á tillögunni.

Umræður urðu um áhrif vinds á flugumferð frá byggingum á fyrirhuguðu Demantssvæði. Telur nefndin nauðsynlegt að fram fari vindgreining á áhrifum þessara mannvirkja. Nefndin telur einnig rétt að fresta frekari umfjöllun um aðalskipulagið þar til niðurstaða liggur fyrir um framtíð NA/SV flugbrautarinnar.

#### 2. Deiliskipulag vestursvæðis Keflavíkurflugvallar

Vísað er til bókunar á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar varðandi mál þetta.

Í umræðu í nefndinni var fjallað um óskipulagt svæði norðan Reykjanesbrautar sem ekki er hluti af skipulagstillögunni.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa skipulagstillöguna í samræmi við ákvæði skipulagslaga þar um.

#### 3. Óveruleg breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030

Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri framtíðarlegu Reykjanesbrautar við Flugstöðina. Í tillögunni felst að lega Reykjanesbrautar verður óbreytt frá því sem nú er.

Að mati skipulagsnefndarinnar er um að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem enginn hefur hagsmuna að gæta. Frekari kynning samkvæmt skipulagslögum fellur því niður. Að mati skipulagsnefndarinnar er þó rétt að upplýsa Vegagerðina, Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ um málið.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna.

**4. Framkvæmdaleyfi til handa Isavia vegna landmótunar á flugvallarsvæðinu.  
Endurnýjun**

Vísað er til bókkunar varðandi mál þetta á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar.

Lagt var fram svar Isavia við ósk skipulagsnefndarinnar upplýsingar um lokafrágang svæða sem þegar hafa verið mótuð.

Í svarinu kemur fram að engin af svæðunum fimm við fyrirhugað Demantssvæði hefur fengið lokafrágang þar sem þau eru ekki fullfrágengin. Einungis u.þ.b. 1/3 af 140.000 m<sup>3</sup> efnisins er komið á svæðið.

Fram kom á fundinum að frágangur á svæðinu er ekki í samræmi við útgefið fyrra framkvæmdaleyfi. Óskar skipulagsnefndin eftir tímasettri áætlun um frágang svæðanna. Óskar nefndin enn fremur eftir að fulltrúi Isavia komi á næsta fund nefndarinnar og skýri málið.

Afgreiðslu erindisins var frestað.

**5. Sameiginlegur fundur skipulagsnefndar keflavíkurflugvallar og RUMSK hóps Isavia**

Formaður skipulagsnefndarinnar lagði til og samþykkt var að framangreindum fundi verði frestað þar til vinna við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar verður komin lengra á veg en nú er.

**6. Kæra Isavia vegna sprengjueyðingarsvæðis Landhelgisgæslunnar**

Vísað er til bókkunar varðandi mál þetta á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar.

Skipulagsfulltrúi upplýsti að Isavia hafi dregið kærana til baka og fullt samkomulag liggja fyrir um málið.

**7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 3. júní 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>